

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hafnarsjóð Fjallabyggðar.

#### I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Fjallabyggðar er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnarsjóður Fjallabyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

#### II. KAFLI Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Skipagjöld. 4. gr.

*Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 16 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði.

*Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum undir 14.999 brt sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 7,10 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, þó að hámarki 13 sinnum í mánuði, en skip yfir 14.999 brt skulu greiða 30% álag á bryggjugjald.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald sem er kr. 100 á mælieiningu mánuði. Þó gilda eftirfarandi lágmörk:

Bátar undir 10 brt, kr. 7.450.

Bátar 10-20 brt, kr. 8.500.

Bátar yfir 20 brt, kr. 12.600.

Farþega-, hvalaskoðunar- og sjóstangveiðibátar yfir 20 tonn greiða tvöfalt viðlegugjald.

Þau skip og bátar sem ekki greiða aflagjald í 6 mánuði samfellt greiða tvöfalt viðlegugjald.

Einnig er heimilt að innheimta bryggjugjöld sem daggjöld af smærri bátum fyrir allt að 10 daga:  
Smábátar undir 10 brt, kr. 510 á dag.

Smábátar 10-20 brt, kr. 665 á dag.

Viðlegugjald fyrir fastan bás við flotbryggju N á Siglufirði, kr. 117.000 pr. ár.

Viðlegugjald fyrir fastan bás við flotbryggju N á Siglufirði, kr. 43.000 pr. 3 mánuði.

Viðlegugjald fyrir fastan bás við flotbryggju S á Siglufirði, kr. 84.000 pr. ár.

Viðlegugjald fyrir fastan bás við flotbryggju S á Siglufirði, kr. 34.900 pr. 3 mánuði.

Viðlegugjald við flotbryggju án fasts báss, kr. 8.400 á mánuði.

Legufærargjald, kr. 20.500 á ári.

Afsláttur ellilífeyrisþega af legufærargjaldi 20%.

Uppsátursgjald, kr. 2.050.

Skútur og skemmtibátar, innifalið vatn og rafmagn, kr. 21.500 pr. viku.

**Vörugjöld.**

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta hafnarstarfsmönnum í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarvörðum ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

- fl.: Gjald kr. 265 fyrir hvert tonn:  
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
- fl.: Gjald kr. 450 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
- fl.: Gjald kr. 560 fyrir hvert tonn:  
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, landbúnaðaráfurðir, sjávarafurðir og hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
- fl.: Gjald kr. 1.230 fyrir hvert tonn:  
Allar vörur sem ekki eru tilgreindar í 8. gr. og í 1.–3. flokki.
- fl.: Aflagjald; 1,6% af vergu aflaverðmæti.  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.

Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af fullunnum frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis aflans. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómannna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð Verðlagsstofu skiptaverðs. Heimilt er að semja sérstaklega við stórnottendur. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 173.

### **Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.**

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (gámar og báta):

Geymsla á malarsvæði, kr. 71 pr. m<sup>2</sup>.

Geymsla á malbikuðu svæði, kr. 123 pr. m<sup>2</sup>.

Geymsla á veiðarfærum og öðrum búnaði eða bátum á hafnarköntum er gjaldfrjáls í 5 daga. Þá greiðast kr. 3.075 á hvern hafinn sólarhring.

Geymsla er aðeins heimil með leyfi hafnarvarða.

### **Sorphirða.**

12. gr.

Móttaka á sorpi, ein ferð í sorpmóttöku 10.000 kr.

Einnig skal greiða fyrir innvegið magn af sorpi samkvæmt gjaldskrá sorpmóttakanda.

- a) Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal greiða 0,70 kr. á hvert brúttótonn skips sem standa skal undir kostnaði vegna eftirlits og umsýslu vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald 5.270 kr. og hámarksgjald 46.260 kr.
  - b) Úrgangsgjald: Gjald sem er lagt á vegna a-liðar má lækka ef skipstjóri getur sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð í skipinu, þá er lágmarksgjald 5.270 kr. og hámarksgjald 23.670 kr.
  - c) Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á árinu greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og allar komur eftir það.
  - d) Skip og bátar sem hafa varanlega viðlegu í höfnum Fjallabyggðar skulu greiða fast mánaðargjald vegna umsýslu og eftirlits hafnar vegna móttöku á sorpi. Gjaldið skal vera 5.270 kr. á mánuði.
  - e) Förgunargjald: Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skili úrgangi í land eða ekki. Óski skipstjóri eða útgerðarmaður eftir þjónustu viðurkennds sorpmóttökuaðila þá greiðir hann allan kostnað þar að lútandi og skal skila til hafnarinnar útfylltu eyðublaði um magn og sundurliðun þess úrgangs sem skilað er í land. Misbrestur á þessu getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
  - f) Förgunargjald: Skip sem eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalauga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun og förgun sorps hvort sem óskað er eftir viðurkenndum móttökuaðila eða ekki.
  - g) Skipstjóri eða eigandi skips sem hefur fengið undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi, farmleyfum eða tilkynningum skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- Sorphirðugjald atvinnubáta, einstök skipti kr. 2.360.  
 Sorphirðugjald atvinnubáta, einstök skipti (sérlosun) kr. 20.500.  
 Sorphirðugjald frístundabáta, kr. 564 á mánuði.  
 Sorphirðugjald atvinnubáta undir 20 brt, kr. 2.150 á mánuði.  
 Sorphirðugjald atvinnubáta 20-100 brt, kr. 3.590 á mánuði.  
 Sorphirðugjald skipa yfir 100 brt, kr. 6.660 á hverja löndun.

**Hafnsögugjöld.**

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- Fyrir leiðsögu til hafnarinnar kr. 36.900 fyrir hvert skip, auk kr. 7,28 fyrir hvert brúttótonn.  
Fyrir leiðsögu frá höfninni greiðist sama gjald.
- Fari hafnsögumaður um borð í skip utan hafnarmerka greiðast aukalega kr. 28.700.

**Festargjöld.**

14. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu þar sem starfsmaður hafnarinnar tekur á móti skipi á dagvinnutíma greiðast kr. 13.800 á hvern mann. Hafnarverðir meta mönnunarþörf ef óskað er eftir afgreiðslu.

Fyrir hverja afgreiðslu utan dagvinnutíma greiðast kr. 16.900.

Sé fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 16.900.

Á stórhátiðum er festargjald kr. 23.600 fyrir hvern mann.

**Vatnssala.**

15. gr.

Vatnsgjöld: Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn til smábáta er innifalið í viðlegugjaldi.

Kalt vatn til fiskiskipa yfir 30 brt, 324 kr./m<sup>3</sup>.

Kalt vatn til fragtskipa, 324 kr./m<sup>3</sup>.

Kalt vatn til skemmtiferðaskipa, 324 kr./m<sup>3</sup>.

Lágmarksgjald miðast við 10 tonn.

**Vigtargjald.**

16. gr.

Grunngjald fyrir vigtun er kr. 1.230, vigtun og kranagjald eru innifalin ef afli er undir 1 tonni.

Almenn vigtun, kr. 167 á tonn.

Úrtaksgjald á tonn sem ekki er vigtað, kr. 99 á tonn.

Stakir bílar, kr. 1.777.

Gjald fyrir yfirvinnu við vigtun er kr. 6.275 á klst. á hvern mann. Lágmarksútkall er 2 klst.

**Löndunarkranagjald.**

17. gr.

Löndun með hafnarkrana kr. 333 pr. tonn. Kranagjald er innifalið í vigtunargjaldi ef aflinn er undir 1 tonni.

**Rafmagnssala.**

18. gr.

Fyrir 40 feta gám, kr. 2.153 á sólarhring eða samkvæmt mæli.

Fyrir 20 feta gám, kr. 2.153 á sólarhring eða samkvæmt mæli.

Rafmagnsverð til skipa er samkvæmt taxta rafveitna, með 24% álagi (18,55 kr. pr. kWst).

Fari tenging fram á dagvinnutíma, kr. 4.510.

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald, kr. 9.020.

Fyrir leigu á rafmagnsmæli greiðast kr. 410 á sólarhring.

Rafmagnsgjöld geta tekið breytingum án fyrirvara vegna gjaldskrárbreytinga birgja hafnarinnar hverju sinni.

**Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.**

19. gr.

Öryggisgjald greiðist á hverja komu, kr. 44.000.

Öryggisgjald pr. öryggisvörð í dagvinnu, kr. 5.640 á klst.  
 Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu, kr. 10.250 á klst.

### **Farþegagjöld.**

20. gr.

Fyrir hvern fullorðinn farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum, 1,25 € (evrur).

Fyrir hvert barn með farþegabátum og skemmtiferðaskipum kr. 0.

Skemmtiferðaskip skulu skila inn farþegalistum minnst einum sólarhring fyrir komu, en farþegabátar með áætlunarsiglingar til og frá höfnum Fjallabyggðar skila inn gögnum fyrir fjölda farþega mánaðarlega.

### **Opnunartími hafnavoga.**

21. gr.

Hafnarstjórn Fjallabyggðarhafna ákveður opnunartíma hafnavoga og kynnir á heimasíðu hafna sem og heimasíðu sveitarfélagsins. Hafnarstjórn skal fjalla um opnunartíma samhliða umfjöllun um gjaldskrá að hausti og svo oft sem þurfa þykir.

Fyrir þjónustu hafnarvarða utan opnunartíma greiðist yfirvinna.

### **III. KAFLI**

#### **Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

22. gr.

Skrifstofa Fjallabyggðar sér um innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari og hefur heimild til að leggja á innheimtugjald kr. 257.

Hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð frá gjald-daga skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

23. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Fjallabyggðar vegna skipsins. Skipstjóra er skylt við komu til hafnar að gefa starfsmönnum viðkomandi hafnar upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál. Hann skal einnig afhenda þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef þess er krafist vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra. Hafnarsjóður hefur haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni. Skipstjóri getur ekki vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

24. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema sérstaklega sé samið um annað. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Nr. 920

10. september 2020

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Fjallabyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

26. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Fjallabyggðar er skylt að innheimta virðisaukaskatt af gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV. KAFLI  
**Gildistaka.**

27. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Fjallabyggðar er samþykkt af hafnarstjórn þann 31. ágúst 2020, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og staðfest af bæjarstjórn þann 9. september 2020.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og er til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1186/2019.

*Fjallabyggð, 10. september 2020.*

**Elías Pétursson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2020